

því er stefnda, A/S Freia, óheimilt að auðkenna hér á landi sælgætisvörur sínar og skyldar vörur með orðinu Freia og á það einnig við þótt við orðið sé bætt staðarheitum.

Þá er lögbannið og staðfest við því að stefndi noti hér á landi vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT.

Stefndi skal láta afmá vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT og vörumerkið nr. 14/1961 P.P. LAKRISPASTILLER FREIA úr vörumerkjaskránni.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.000,00 í skaðabætur með dómvöxtum frá 14. maí 1985 til greiðsludags og kr. 150.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. desember 1987.

Nr. 189/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Ágústi Guðjónssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

Skilasvik. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús P. Torfason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði óskuðu ekki áfrýjunar. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þýngd.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi keypti ákærði með kaupsamningi 21. maí 1985 allar eignir fyrirtækisins Vaxtarræktarinnar h.f. Kaupverðið var 1.000.000,00 króna, sem ákærði greiddi með því m.a. að taka að sér fjórar skuldir fyrirtækisins, samtals

að fjárhæð 850.000,00 krónur, sem hann þegar var í ábyrgð fyrir.

Ákærði hefur viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að fyrirtækið skuldaði fleiri aðilum en hann tók að sér að greiða skuldir við samkvæmt kaupsamningnum. Hefur hann borið fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um skuldir við Árvakur h.f. og h.f. Eimskipafélag Íslands en að hann hafi ekki vitað um fleiri skuldir. Ekki hefur verið í ljós leitt, að ákærði hafi vitað um fleiri skuldir. Meðákærðu í héraði báru við yfirheyrslur, að meðákærði Guðni Gunnarsson hefði ætlað sér að greiða þessar skuldir, og ákærði Jón Ágúst lánaði Guðna tækin sem hann hafði keypt, svo að hann gæti rekið fyrirtækið áfram. Vaxtarræktin h.f. var tekin til gjaldþrotaskipta 9. desember 1985 og voru lýstar kröfur í búið samtals 2.358.528,00 krónur, en þar af var langstærsta skuldin krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík, 1.618.347,00 krónur. Í ljós er leitt, að krafa Gjaldheimtunnar er byggð á áætlun opinberra gjalda fyrir tækisins vegna gjaldáranna 1984, 1985 og 1986.

Sem ábyrgðarmaður að ofangreindum fjórum skuldum var ákærði í raun kominn í stöðu lánardrottins gagnvart Vaxtarræktinni h.f. Kaupsamningurinn um eignir félagsins var gerður honum til ávinnings. Samkvæmt 2. mgr. 250. gr. laga nr. 19/1940 verður lánardrottinn ekki refsað fyrir hlutdeild í broti samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 250. gr. nema hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tíma, er hann sá að gjaldprot eða greiðslustöðvun vofði yfir. Ósannað er, að svo hafi verið um ráðstöfun þá, sem ákært er fyrir, og verknaði ákærða er ekki þannig lýst í ákæru. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan kostnað af rekstri þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, 45.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Ágúst Guðjónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Hjá rannsóknarlögreglu er eftirfarandi bókað eftir meðákærða í héraði Guðna Gunnarssyni:

„Mætti segir að þó svo að fyrirtækið Vaxtaræktin h/f væri skráð sem hlutafélag hafi hann rekið fyrirtækið sem einkafyrirtæki. Mætti segir að hann sjálfur hafi lagt út allt það hlutafé sem félagið var skráð fyrir. Aðrir komu þar ekki nærri þó svo að á pappírnum væru þeir sagðir hluthafar og eigendur. Mætti segir að hann og eiginkona hans hafi verið með prókúruumboð fyrir fyrirtækið.“ Meðákærði í héraði Þórhallur Kaldalóns Jónsson segir rannsóknarlögreglu, að hann hafi ekki „greitt hlutafé í fyrirtækið þó svo að hann væri skráður hluthafi og kveðst hann hafa þegið laun fyrir vinnu sína hjá fyrirtækinu eins og hver annar launþegi“. Síðar staðfestir hann ofanritað fyrir dómi þannig: „Hann kveðst vilja taka það fram að hann hafi einungis verið stjórnarmaður og eigandi fyrirtækisins á pappírnum að nafni til, en í raun hafi hann lítið tekið þátt í starfsemi fyrirtækisins nema í fjarveru Guðna.“

Framangreindar yfirlýsingar benda mjög til þess, að skráning hlutafélagsins Vaxtaræktin h/f hafi verið gerð að yfirvarpi fyrir einkastarfsemi Guðna Gunnarssonar. Þegar á stigi lögreglurannsóknar bar að kanna til hlítar, hvort hlutafélagið uppfyllti skilyrði hlutafélagalaga og hvernig háttað væri ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins. Framhald málsins hlaut að markast af því er slík rannsókn leiddi í ljós. Því var lögreglurannsóknin ekki nægur grundvöllur til útgáfu ákæru og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að annarri niðurstöðu. Ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls. Eins og málið liggur fyrir nú, tel ég að byggja verði á því, að meðákærði í héraði Guðni Gunnarsson hafi verið einkaeigandi fyrirtækisins. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 6/1978 varð fyrirtækið ekki tekið til gjaldprotaskipta án þess að bú eigandans væri það einnig. Í málinu eru engin gögn er sýna ógjaldfærni Guðna Gunnarssonar.

Að svo komnu tel ég ekki hafa verið sýnt fram á, að ákærði hafi tekið þátt í að mismuna lánardrottnum fyrirtækisins. Á hann því að vera sýkn af kröfum ákæruvalds.

Allan kostnað af rekstri málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 55.000,00 krónur samtals.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 18. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 124-126/1987: Ákærvaldið gegn X, Y og Jóni Ágústi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 29. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 12. nóvember 1986 gegn ákærðu X..., Y... og Jóni Ágústi Guðjónssyni, kerfisfræðingi, fæddum í Reykjavík 23. febrúar 1957, Jörfabakka 10, Reykjavík.

„I.

Gegn ákærðu X og Y er málið höfðað fyrir að hafa sem stjórnarmenn og eigendur fyrirtækisins Vaxtaræktin hf. í Reykjavík með kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, þegar ákærðu seldu nefnt fyrirtæki meðákærða Jóni Ágústi Guðjónssyni, mismunað lánardrottum þess. Ákærðu var þá ljóst að stefndi í gjaldþrot fyrirtækisins en úrskurður til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp í Skiptarétti Reykjavíkur 9. desember 1985.

Samkvæmt kaupsamningnum tók meðákærði Jón Ágúst við öllum eignum fyrirtækisins, samtals að verðmæti kr. 1.000.000,00, en tók einungis að sér að greiða hluta af þeim skuldum sem fyrirtækið var í, eða skuldir til 4 lánardrottna, samtals að fjárhæð kr. 850.000,00. Samkvæmt skrá um lýstar kröfur í þrotabú fyrirtækisins, sem gerð var af skiptaráðanda þann 24. mars 1986, voru aðrar skuldir fyrirtækisins samtals kr. 2.358.528,- til 8 lánardrottna.

II.

Gegn ákærða Jóni Ágústi Guðjónssyni er málið höfðað fyrir að hafa gerst kaupandi að nefndu fyrirtæki eins og hér að framan er lýst, enda þótt ákærða væri fullkunnugt um það að fyrirtækið var í skuld við fleiri lánardrottna en þá sem ákærði tók að sér samkvæmt kaupsamningnum og því vel ljóst að verið var að mismuna lánardrottum fyrirtækisins.

Verknaðir ákærðu allra teljast varða við 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19; 1940, sbr. 22. gr. sömu laga hvað varðar verknað ákærða Jóns Ágústs Guðjónssonar.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 9. desember 1985 var bú Vaxtaræktarinnar hf., Dugguvogi 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt hlutafélagaskrá var ákærði X formaður félagsins, ákærði Y meðstjórnandi ásamt Katrínu Hafsteinsdóttur og varamaður í stjórn Árni Hróbjartsson. Framkvæmdastjóri var ákærði X og hann ásamt ákærða Y og Katrínu höfðu prókúruumboð.

Félagið var stofnað 1983. Tilgangur þess var innflutningur, útgáfustarfsemi og líkamsrækt.

Samkvæmt kröfuskra í ofangreindu þrotabúi voru móttæknar 9 kröfulýsingar í búið sem skiptaráðandi samþykkti, samtals að fjárhæð kr. 2.358.582,00. Á skiptafundi skiptaréttar Reykjavíkur þann 1. apríl 1986 taldist kröfuskraín endanlega samþykkt.

Við uppskrift á búinu, sem fram fór í skiptarétti Reykjavíkur þann 28. janúar sama ár, var lagður fram kaupsamningur dagsettur þann 21. maí 1985. Með kaupsamningi þessum, sem undirritaður er af hálfu seljanda af ákærðu X og Y f.h. Vaxtaræktarinnar hf. en af hálfu kaupanda af ákærða Jóni Ágúst, skuldbindur seljandi sig til að selja og kaupandi sig til að kaupa eftirgreindar eignir fyrirtækisins:

„1. Viðskiptaumboð Weider Sports Equipment	kr.	300.000,00
2. Viðskiptavild		
3. Áhöld og búnaður í æfingastöð	“	200.000,00
4. Vörulager	“	350.000,00
5. Útistandandi skuldunautar	“	150.000,00
Kaupverð samkvæmt framantöldu	“	1.000.000,00

Samkvæmt samningnum skal greiða kaupverðið með yfirtöku eftirfarandi skulda fyrirtækisins sem hér segir:

„Prentsmiðjan Oddi	kr.	400.000,00
Skuldabréf S.Í.S.	“	108.000,00
Skuldabréf Offsetfjölritun	“	62.000,00
Víxill Útvegsbanka Íslands	“	280.000,00
Peningar	“	150.000,00

Samtals kr. 1.000.000,00

Þá segir ennfreður í samningnum að afhending skuli fara fram frá og með 21. maí 1985 og frá þeim degi hirði kaupandi tekjur og greiði af þeim skatta, rekstrargjöld og aðrar skyldur.

Sama dag og uppskrift fór fram á búinu, svo sem að framan er rakið, var ákærði X yfirheyður í skiptarétti. Þá var hann yfirheyður fyrir RLR þann 2. október sl. og fyrir dómi við þingfestingu málsins þann 9. desember sl. Hann kvað félagið hafa verið stofnað í janúar 1983. Upphaflegu stofnendur fyrirtækisins hafi verið þeir sömu og að ofan greinir og hlutaféð verið 250.000 krónur. Var það allt greitt á sínum tíma, en hlutaféð aldrei aukið. Aðrir hluthafar hafi verið að nafninu til. Hann hafi átt allt hlutaféð og því í raun rekið félagið sem einkafyrirtæki. Reksturinn hafi verið samtvinnaður öðrum fyrirtækjum sem hann rak, en t.d. hafi hann flutt inn vörur fyrir tilgreindar verslanir sem síðar urðu gjaldþrota. Strax árið 1983 hafi farið að halla undan fæti með rekstur fyrirtækisins og um áramótin 1983 - 1984 hafi honum verið það ljóst að það var gjaldþrota. Starfsemin hafi upp frá því verið að nafninu til. Við yfirheyrsluna í skiptarétti kannaðist ákærði við þær kröfur sem lýst var í þrotabúið og upplýsti að fyrirtækið væri gersamlega eignalaust. Um áramótin 1983 - 1984 hafi ákærði Jón Ágúst komið inn í fyrirtækið. Framlag hans til fyrirtækisins hafi verið það að hann yfirtók skuld þess við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 1.000.000,00. Þegar kaupsamningurinn var gerður þann 2. maí 1985 hafi í kaupum Jóns Ágústs á fyrirtækinu verið tilgreindar skuldir þær sem Jón Ágúst var persónulega í ábyrgð fyrir. Það hafi verið skuldir við Prentsmiðjuna Odda, SÍS, Offsetfjölritun og Útvegsbanka Íslands, samtals að fjárhæð kr. 850.000,00. Við gerð kaupsamningsins hafi honum verið það ljóst, að fleiri kröfuhafar yrðu í búið, en Jón Ágúst hafi veitt honum mikla fjárhagsaðstoð í peningavandræðum hans og með gerð kaupsamningsins hafi fjármunum Jóns Ágústs verið að einhverju leyti bjargað, sem annars hefðu farið í súginn, með því að veita öðrum aðgang að eignum Vaxtaræktarinnar, tækjum og vörulager og umboði Weider Sports Equipment. Svo sem fram komi í kaupsamningnum hafi áætlað verðmæti áhalda og búnaðar verið 200.000 krónur, en þetta hafi verið 2 ára tæki sem hefðu verið í notkun, og áætlað verðmæti vörulagers 350.000 krónur. Vörulagerinn hafi aðallega verið tæki sem erfitt hefði reynst að selja.

Hann bar að honum hefði ekki verið það ljóst að með kaupsamningnum hefði hann mismunað lánardrottnum sínum, því hann hefði sjálfur ætlað að greiða þær skuldir sem kaupandinn tók ekki að sér að greiða. Áframhaldandi fjárhagsvandræði hafi hins vegar valdið því að hann gat ekki greitt skuldirnar. Það hafi verið vankunnáttu sinni að kenna að hann seldi fyrirtækið með þeim hætti sem varð.

Ákærði Y var yfirheyður fyrir RLR sama dag og ákærði X. Hann kvaðst hafa verið stjórnarmaður og hluthafi að nafninu til en aldrei átt hlutafé. Í raun hafi hann lítinn þátt tekið í rekstrinum nema í fjarveru X. Hann hafi unnið hjá fyrirtækinu eins og hver annar starfsmaður og þegið

laun sem slíkur. Hann hafi séð um bókhald fyrirtækisins og ýmsa snúninga. Hann kannaðist við kaupsamninginn og nafnritun sína á hann, og efni hans hafi verið með samþykki hans og vitund. Þá hafi hann vitað að fyrirtækið var „komið á hausinn“. Hann bar á sama veg og ákærði X um söluna á fyrirtækinu. Honum hafi hins vegar ekki orðið það ljóst fyrir en síðar, þegar málið var komið til skiptaréttar, að þarna hefðu þeir mismunað væntanlegum kröfuhöfum í fyrirtækið. Honum hafi verið það ljóst við söluna að fleiri kæmu til með að gera kröfu í fyrirtækið en Jón Ágúst. Honum hafi verið það ljóst að fyrirtækið hafi verið eignalaust eftir söluna, en hins vegar hafi það verið þekkingarleysi að kenna að hann hafi undirritað kaupsamninginn þrátt fyrir ofangreinda vitneskju sína.

Við þingfestingu málsins fyrir dómi bar ákærði hins vegar að honum hefði ekki verið það ljóst við undirritun kaupsamningsins að fyrirtækið stefndi í gjaldþrot, en honum hefði verið það ljóst að kaupandi yfirtæki aðeins brot af skuldunum. Hins vegar hefði honum ekki verið það ljóst að verið væri að mismuna lánardrottnum, enda hefði X ætlað að yfirtaka þær skuldir. Honum hefði þó verið ljóst að um þessar mundir hefði X verið í miklum fjárhagsörðugleikum. Að öðru leyti var framburður hans í samræmi við skýrslu hans fyrir RLR.

Ákærði Jón Ágúst kom sama dag og meðákærðu fyrir dóm þann 16. desember sl. Hann kannaðist við nafnritun sína á kaupsamninginn svo og að efni hans væri rétt. Þá lýsti hann kaupunum og aðdraganda þeirra á sama veg og meðákærðu. Hann kvaðst hafa yfirtækið skuldir þær sem greindar eru í kaupsamningi, en áður hefði hann gengist í ábyrgð fyrir þeim í greiðaskyni fyrir X. Áður en hann ábyrgðist þær skuldir hefði hann einnig gengist í ábyrgð fyrir 1.000.000 króna skuld fyrir X, sem tengd var öðrum fyrirtækjum hans. Það hefði verið fyrri hluta árs og þeirri skuld væri hann enn að greiða af. Þeir X væru gamlir kunningjar og átti síðargreind skuldaábyrgð m.a. að vera tryggð í rekstri Vaxtaræktarinnar hf., þó svo að skuldin væri ekki tengd því fyrirtæki. Rætt hefði verið um það að hann fengi í staðinn hlutafé í fyrirtækinu, en af því hefði ekki orðið. X hefði ekkert greitt af skuldinni. Frá því í febrúar 1984 (sic) hefði hann séð um að leysa út vörur fyrir fyrirtækið, en hann hefði þó hvorki fyrir eða eftir gerð kaupsamnings þegið laun eða aðrar tekjur hjá því. Þegar kaupin fóru fram hefði honum verið ljóst að fyrirtækið var skuldugt, en honum hefði ekki verið fyllilega ljóst að í gjaldþrot stefndi. Hann hefði vitað að fyrirtækið skuldaði Árvakri og Eimskip, en hann hefði ekki vitað að það skuldaði fleiri aðilum, enda hefði hann ekki kynnt sér bókhaldið fyrir kaupin. Hann hefði talið að hann væri aðallega að kaupa viðskiptaumboð fyrirtækisins Weider Sports Equipment. Eignarliðir kaupsamningsins hefðu aðallega verið settir fram þannig að þeir gengju upp á móti skuldaliðunum,

þ.e. þeim skuldum sem fyrirtækið skuldaði honum, en fjárhæðirnar hefðu verið hærri en raun bar vitni. Endurskoðandi fyrirtækisins hefði ráðlagt þeim að setja upphæðirnar í eignarliðunum þannig fram til að vega upp á móti skuldaliðunum. X hefði ætlað að sjá um aðrar skuldir Vaxtarræktarinnar. X hefði einn verið eigandi fyrirtækisins, þó Y hefði einnig undirritað samninginn sem seljandi.

Sakaferill ákærðu:

Ákærðu X og Jón Ágúst hafa hvorugir sætt kærnum eða refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði X hefur frá árinu 1976 tvívegis gengist undir dómsátt, í annað skiptið fyrir tolllagabrot, en í hitt skiptið fyrir fíkniefnabrot. Þá var hann dæmdur árið 1982 í 6 mánaða fangelsi og til sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot.

Niðurstöður:

Af framburði ákærðu X og Y og öðru því sem fram er komið í málinu er ljóst að þeim hlaut báðum að vera það ljóst að fyrirtækið Vaxtarræktin hf., sem þeir störfuðu við og voru skráðir hluthafar og prókuruhafar í, átti ekki fyrir skuldum, þá er samningurinn var gerður þann 21. maí 1985, enda var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta tæpum 7 mánuðum síðar. Þrátt fyrir þetta seldu þeir meðákærða Jóni Ágúst allar eigur fyrirtækisins fyrir kr. 1.000.000,00, en skuldir þess að fjárhæð kr. 850.000,00, sem hann hafði gengist í ábyrgð fyrir, gengu upp í kaupverðið. Við gerð kaupsamningsins var skulda annarra lánardrottna að engu getið. Sú viðbára ákærðu að ákærði X hafi ætlað að taka að sér greiðslu skulda við aðra lánardrottna skiptir hér engu, enda var báðum ljóst að hann var í miklum fjárhagsörðugleikum. Með þessari háttsemi hafa ákærðu X og Y báðir brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá þykir ennfremur sannað af framburði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu að ákærði Jón Ágúst keypti fyrirtækið Vaxtarræktina hf. með ofangreindum hætti þrátt fyrir það að annarra skulda lánardrottna væri að engu getið í kaupsamningi og honum væri ljóst að fyrirtækið skuldaði fleiri aðilum. Þrátt fyrir að bókhald fyrirtækisins liggi ekki frammi í málinu er ljóst að ákærði Jón Ágúst vissi að með margnefndum samningi seldi fyrirtækið allar eigur sínar, en ekki aðeins hluta þeirra, svo sem ákærði hefur haldið fram, enda bar honum að kynna sér fjárhagsstöðu fyrirtækisins áður en hann keypti fyrirtækið sem honum hlaut að vera ljóst að stefndi í gjaldþrot. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 22. gr. sömu laga.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða varðhald.

Refsing ákærða Y þykir hæfilega ákveðin 1 mánaðar varðhald.

Refsing ákærða Jóns Ágústs þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald.

Með hliðsjón af því að ákærðu Y og Jón Ágúst hafa ekki áður hlotið refsisdóm og sakarferli ákærða X, þykir þó mega ákveða að fullnustu refsingar þeirra allra megi fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. 1. nr. 22/1955.

Þá er ákærði X dæmdur til að greiða til ríkissjóðs kr. 30.000 í sekt innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Vararefsing er ákveðin 20 dagar.

Ákærði Jón Ágúst er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Othari Erni Petersen hrl., í málsvarnarlaun kr. 15.000,00. Annan sakarkostnað eru ákærðu allir dæmdir til að greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti varðhaldi í 5 mánuði.

Ákærði Y sæti varðhaldi í 1 mánuð.

Ákærði Jón Ágúst Guðjónsson sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X greiði kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði Jón Ágúst Guðjónsson greiði skipuðum verjanda sínum, Othari Erni Petersen hrl., kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.